

**Sp.**

### **43. Tillaga til þingsályktunar**

um framkvæmd laga nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Flm.: Jakob Möller, Jóhann Jósefsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina:

1. Að breyta 3. gr. starfsreglna gjaldeyris- og innflutningsnefndar á þann veg, að nefndin hafi ótvíræð fyrirmæli um að veita öllum verzlunarfyrirtækjum innflutningsleyfi eftir föstum kvóta, sem miðist eingöngu við innflutning þessara fyrirtækja ákveðið ár eða árábil, svo að kaupmenn og kaupfélög geti útvegað viðskiptamönnum sínum vörur í sama hlutfalli og var áður en innflutningshöftin voru sett, þó þannig, að tekið sé tillit til þeirra iðnaðar- og verzlunar-fyrirtækja, sem síðan hafa verið stofnuð.
2. Að leggja fyrir gjaldeyris- og innflutningsnefnd:
  - a. að birta þegar í byrjun hvers árs áætlun yfir innflutning þann, sem veita á á árinu, og að hafa áætlun þessa svo greinilega, að hver innflytjandi geti sjálfur séð, hve mikinn innflutning hann á að fá á því tímabili, sem áætlunin nær yfir, samkvæmt skýrslu sinni til gjaldeyris- og innflutningsnefndar yfir fyrri innflutning.
  - b. að taka við samningu áætlunarinnar tillit til vöruflökkaskiptingar innflutningsins undanfarin 10 ár, og ennfremur að leita álits Verzlunarráðs Íslands og Sambands íslenskra samvinnufélaga á henni áður en hún verður birt og kemur til framkvæmda.
3. Að veita heimild til, að Verzlunarráð Íslands og Samband íslenskra samvinnufélaga skipi trúnaðarmenn, er taki við og athugi kærur, er fram kunna að koma frá innflytjendum út af úthlutun innflutningsleyfa, enda veitist þessum trúnaðarmönnum aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum gjaldeyris- og innflutningsnefndar varðandi úthlutunina.
4. Að hlutast til um, að úthlutun bankanna á gjaldeyri til greiðslu á andvirði innfluttra vara verði á hverjum tíma í sem réttustum hlutföllum við úthlutun innflutningsleyfa, þannig að jafnt gangi yfir alla þá innflytjendur, sem leyfi hafa fengið.

#### **Greinargerð.**

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, og fylgdi henni þá eftirfarandi greinargerð:

„Fyrirmæli greindra laga um framkvæmd þeirra eru mjög ónákvæm, og ráðherra er að mestu í sjálfsveld sett, hvernig þeim er beitt gagnvart þegnum þjóðfélagsins. Samkvæmt lögnum hefir fjármálaráðherra sett gjaldeyris- og innflutningsnefnd starfsreglur, sem mikla óánægju hafa vakið. Auk þess er kvartað undan framkvæmd laganna yfirleitt. Er því nauðsynlegt, meðan lög þessi eru í gildi, að séð verði um, að framkvæmd þeirra verði réttlát.

Fyrir því þykir hlýða, að Alþingi kveði nokkru nákvæmar á um framkvæmd laganna.

Nánar í framsögu.“